

Tebollur

4 ¼ dl hveiti

125 g mjúkt smjörlíki

1 dl sykur

2 tsk lyftiduft

2 egg

4 msk mjólk

50 g súkkulaði

½ tsk vanilludropar

Aðferð:

1. Hitið ofninn í 180° blástur
2. Hrærið saman sykur og smjörlíki með rafmagnsþeytara þar til deigið er ljóst og létt.
3. Látið eggin og vanilludropana saman við og hrærið áfram
4. Setjið hveiti, lyftiduft, súkkulaði og mjólk saman við og hrærið vel saman með sleif.
5. Setjið deigið á pappírsklædda bökunarplötu með skeið og bakið í u.þ.b. 12-15 mínútur.